

FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/237

2024/EES/65/17

frá 15. janúar 2024

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 að því er varðar birtingu tilvísana í evrópsku matsskjölin fyrir þriggja laga pólýetýlenhúð tæringarvarnar fyrir stálror og aðrar byggingarvörur

(Texti sem varðar EES) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EEB⁽¹⁾, einkum 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í kjölfar beiðna um evrópskt tæknimat frá framleiðendum hafa samtök tæknimatsstofnana, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011, samþykkt 26 evrópsk matsskjöl og eina leiðréttingu.
- 2) Evrópsku matsskjölin, sem samtök tæknimatsstofnana hafa samþykkt, varða eftirfarandi tilvísanir:
 - þriggja laga pólýetýlenhúð tæringarvarnar fyrir stálror,
 - verksmiðjuframleiddar einangrunarmottur úr glertréfum og myndlausum kísiltvíoxíðum,
 - verksmiðjuframleiddar vörur úr stífu pólýúretanfrauði (PUR) með opnu holrými og pólýísósýanúratfrauði (PIR) fyrir tæknibúnað í mannvirkjum og iðnaði,
 - reykhláferfi með reykroðsföðringu úr leir eða keramik með aukinni aðliggjandi varmaeinangrun eða með ytri veggjum sem eru tengdir með pólýúretanlími, eða blöndu af hvoru tveggja,
 - gíspölur, gíspölur með trefjastyrkingu og stækkaðar glerplötur með trefjastyrkingu fyrir klæðningu og fóðrun byggingarhluta (kemur í stað tækniforskriftar „EAD 070001-01-0504“),
 - kerfi fyrir útveggjaklæðningar sem eru festar með vélrænum hætti (kemur í stað tækniforskriftar „EAD 090062-00-0404“),
 - kerfi fyrir útveggjaklæðningar sem eru límdar við undirkerfi,
 - kerfi fyrir útveggjaklæðningar með lagskiptum, stífum klæðningareiningum,
 - innlímdar stangir fyrir timburtengingar,
 - kerfi fyrir berg- og jarðfestingar – kerfi fyrir snittteina úr stáli eða forspennu stáli,
 - kerfi til að styrkja steinsteypueiningar með utanálíggjandi, kolefnistrefjastyrktum fjölíðuræmum,
 - einstremislokar til notkunar í skólperfum,
 - tæringarvarnarkerfi þar sem límbandi er vafið utan um burðareiningar úr málm,í,
 - ryðvarnarmálning fyrir stál,
 - undirkerfi fyrir þakskífur,
 - þakeiningar úr plasti fyrir gróðurþök og tilheyrandi festibúnaður,
 - sjálfbærandi, gagnsæjar þak- og veggeiningar sem eru klæddar plastplötum, þ.m.t. ógagnsæjum plötum,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/237, 17.1.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2011/305/oj>

- þunnar stálplötur til þak- og veggklæðningar,
 - þakgluggar og dagsbirtugöng fyrir þök,
 - þakgluggi með innbyggðri svalaeiningu,
 - stáltrefjar fyrir steinsteypu, endurunnar úr notuðum hjólbörðum,
 - lagnakerfi úr plasti til flutnings á heitu og köldu vatni, gert úr hitaþolnu pólýetýleni (PE-RT),
 - geymslutankur með tvöföldu byrði, snúningsmótaður úr pólýetýleni,
 - tengi til að styrkja núverandi steinsteypuvirki með steinsteypulagi: hegðun í jarðskjálfta,
 - snittaðir skrúfboltar til að tengja efni við burðarvirkiseiningar úr stáli eða áli,
 - festingar til að festa varmaeinangrunarkerfi á ytra byrði timburvirkja.
- 3) Evrópsku matsskjölin, sem samtök tæknimatsstofnana hafa samþykkt, uppfylla kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011. Því er viðeigandi að birta tilvísanir til þessara evrópsku matsskjala í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 4) Samtök tæknimatsstofnana hafa leiðrétt titil evrópska matsskjalsins að því er varðar eftirfarandi byggingarvörur: dúka sem notaðir eru sem undirlagsklæðning á þök eða veggi eða bæði, með því að bæta við tilvísun í tækniforskriftina sem kemur í staðinn. Því er viðeigandi að breyta samsvarandi línu í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 ⁽²⁾.
- 5) Skráin yfir tilvísanir í evrópsku matsskjölin fyrir byggingarvörur er birt samkvæmt framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450. Fyrir skýrleika sakir ætti að bæta tilvísunum til nýrra evrópskra matsskjala í þá skrá.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 til samræmis við það.
- 7) Til að gera mögulegt að nota evrópsku matsskjölin eins og fljótt og auðið er og gera framleiðendum, sem hafa þegar undir höndum evrópskt tæknimat, þannig kleift að setja vöruna sína á markað, ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi á þeim degi sem hún er birt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽²⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 frá 19. mars 2019 um birtingu evrópsku matsskjálanna fyrir byggingarvörur sem samin voru til stuðnings reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtið. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 78, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2019/450/oj).

Gjört í Brussel 15. janúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/450 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi línur er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„030588-00-1202	þriggja laga pólýetýlenhúð tæringarvarnar fyrir stálror“
„040685-00-1201	verksmiðjuframleiddar einangrunarmottur úr glertrefjum og myndlausum kísiltvíoxíðum“
„041094-00-1201	verksmiðjuframleiddar vörur úr stífu pólýúretanfrauði (PUR) með opnu holrými og pólýísósýanúratfrauði (PIR) fyrir tæknibúnað í mannvirkjum og iðnaði“
„060015-00-0802	reykháfakerfi með reykroörsfóðringu úr leir eða keramik með aukinni aðliggjandi varmaeinangrun eða með ytri veggjum sem eru tengdir með pólýúretanlími, eða blöndu af hvoru tveggja“
„070001-02-0504	gifsplötur, gifsplötur með trefjastyrkingu og stækkaðar glerplötur með trefjastyrkingu fyrir klæðningu og fóðrun byggingarluta (kemur í stað tækniforskriftar „EAD 070001-01-0504“)“
„090062-01-0404	kerfi fyrir útveggjaklæðningar sem eru festar með vélrænum hætti (kemur í stað tækniforskriftar „EAD 090062-00-0404“)“
„090097-00-0404	kerfi fyrir útveggjaklæðningar sem eru límdar við undirkerfi“
„090125-00-0404	kerfi fyrir útveggjaklæðningar með lagskiptum, stífum klæðningareiningum“
„130006-00-0304	innlímdar stangir fyrir timburtengingar“
„160015-00-0102	kerfi fyrir berg- og jarðfestingar – kerfi fyrir snittteina úr stáli eða forspennu stáli“
„160086-00-0301	kerfi til að styrkja steinsteypueiningar með utanáliggjandi, kolefnistrefjastyrktum fjölliðuræmum“
„180026-00-0704	einstreymislokar til notkunar í skólperfum“
„200126-00-0302	tæringarvarnarkerfi þar sem límbandi er vafið utan um burðareiningar úr málm“
„200188-00-1202	ryðvarnarmálning fyrir stál“
„220034-00-0607	undirkerfi fyrir þakskífur“
„220078-00-0401	þakeiningar úr plasti fyrir gróðurþök og tilheyrandi festibúnaður“
„220089-00-0401-v01	sjálfberandi, gagnsæjar þak- og veggeiningar sem eru klæddar plastplötum, þ.m.t. ógagnsæjum plötum“
„220106-00-0402	þunnar stálplötur til þak- og veggklæðningar“
„220122-00-0401	þakgluggar og dagsbirtugöng fyrir þök“
„220150-00-0401	þakgluggi með innbyggðri svalaeiningu“
„260010-00-0301	stáltrefjar fyrir steinsteypu, endurunnar úr notuðum hjólbörðum“
„280009-00-0802	lagnakerfi úr plasti til flutnings á heitu og köldu vatni, gert úr hitaþolnu pólýetýleni (PE-RT)“

„280017-00-0109	geymslutankur með tvöföldu byrði, snúningsmótaður úr pólýetýleni“
„332347-00-0601-v01	tengi til að styrkja núverandi steinsteypuvirki með steinsteypulagi: hegðun í jarðskjálfta“
„333037-00-0602	snittaðir skrúfboltar til að tengja efni við burðarvirkiseiningar úr stáli eða áli“
„333256-00-0603	festingar til að festa varmaeinangrunarkerfi á ytra byrði timburvirkja“.

2) Í stað línunnar með tilvísunarnúmerið 030218-01-0402 kemur eftirfarandi:

„030218-01-0402	dúkar sem notaðir eru sem undirlagsklæðning á þök eða vegg, eða bæði (kemur í stað tækniforskriftar „EAD 030218-00-0402“).
-----------------	--